

Forvarvarstefna vegna eineltis á vinnustað

Árleg starfsmannasamtöl, starfsánægjukannanir og reglulegir starfsmannafundir hafa reynst vel við að meta aðstæður og starfsanda innan vinnustaða

Samkvæmt lögum 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað.

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að til sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Slík áætlun felur í sér áhættumat og áætlun um forvarnir. Áhættumat er krefisbundin athugun á vinnuaðstæðum til þess að kanna hvort eitthvað í vinnuumhverfinu, vinnuskipulaginu eða við framkvæmd vinnunnar geti hugsanlega leitt til andlegs eða líkamlegs tjóns, þ.á.m. eineltis, kynbundins ofbeldis, kynbundinnar áreitni eða kynferðislegrar áreitni.

Stjórnendur geta haft afgerandi áhrif á vinnustaðamenningu m.þ.a. gera starfsmönnum ljóst til hvers er ætlast af þeim, setja skýr markmið og deila ábyrgð. Þeir sjá til þess að vinnuálag sé hæfilegt og veita starfsmönnum tækifæri til að hafa áhrif á starf sitt og starfsumhverfi.

Mikilvægt er að stjórnendur taki með markvissum hætti á kvörtunum um einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni.

Forvarnarstefna Ferðamálastofu var samþykkt þann 15.11.2018